

Reykjavík 23.11.2022.

Þetta skjal er unnið af Einari Bergmann Sveinssyni fagstjóra Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins.

Farið var fram á faglegt mat Einars á svári slökkvistjóra Norðurþings á stórþaravinnslu á Norðurgarði.

Farið yfir í stuttu máli eftir hvað lagagreinar slökkvilið Norðurþings verður að hafa í huga við að gefa umsögn vegna fyrirhugaðrar Stórþaravinnslu á Norðurlandi og farið yfir hvernig þær greinar samræmast starfi slökkvistjóra.

Endanlegt svar er svo í lokaorðum á bls. 3.

Lögin.

Til að byrja með þarf að fara eftir lögum um brunavarnir sem er grunnur starfs slökkvistjóra hjá slökkviliði Norðurþings.

■ **1. gr. Markmið.**

Þarna er talað um að fara eftir þeim markmiðum sem fram koma og er það mat mitt að slökkvistjóri sé að fara eftir þeirri reglu að tryggja viðbúnað, fullnægjanlegt eldvarnaeftirlit, að tryggja að hann geti brugðist við þegar mengunaróhöpp verða á landi.

EKKI verður annað séð en að það sé verið að tryggja markmið laga nr. 75/2000 um brunavarnir með því að fara fram á að þessi starfsemi sé ekki í næsta nágrenni við slökkvistöðina þar sem hún er samfélagslega mikilvæg fyrir svæði Norðurþings, húsnæðið er þar að auki aðal stjórnstöð í almannavarnaástandi svæðisins.

Þá er erfitt að sjá hvort að það geti samræmst lögum þar sem viðbragðsaðili getur líklega ekki komist til að ná í þær bjargir sem þarf ef hættuástand skapast, á að koma upp aðstöðu fyrir björgunarbúnað annarstaðar en í húsnæði slökkviliðsins, þarf að færa björgunaraðila til þess að **byggja upp atvinnustarfsemi?** þar sem það er alveg skýrt að það eru aðrar lóðir sem geta tekið við starfseminni væri réttast að leitast við að nota önnur svæði.

■ **12. gr. Eldvarnaeftirlit sveitarfélaga**

Þar sem verið er að setja niður starfsemi sem þarf augljóslega að vera með eftirlit á vegna starfsemi, þar sem hættuleg efni eru geymd, getur sagt strax til hvort að það sé ásættanlegt að sú áhætta sem kallar á eftirlit fagaðila sé statt við hliðina á eftirlitsaðilanum, sem er einnig viðbragðsaðilinn.

■ **22. gr. Meðferð elds og eldfimra efna.**

Þar sem um verulegt magn er að ræða þá er það alveg ljóst að það á að gera allt til þess að koma í veg fyrir tjón sem verður vegna þeirra efna sem á að vinna með, en ef það verður slys/tjón þarf að vera hægt að bregðast við sem fyrst til að tryggja almannahagsmuni, **það er vandséð að það sé hægt**

vegna nálægðar við þann viðbragðsaðila sem þarf að vinna verkið, þar eiga að vera til staðar búnaður til að bregðast við eins og eiturefnagallar, hreinsistöð fyrir mannskap og búnað, reykköfunartæki sem hægt er að nota í lengri tíma, þynningarefni, hp mælar og m,fl.

■ **24. gr. [Sérstök eldhætta eða hætta á mengun frá mannvirki eða lóð þess.**

Þarna er sérstök hætta á mengun frá mannvirki og brunahönnun sem þarf að fara fram, það er mitt mat að ég get ekki séð að það sé hægt að rökstyðja brunahönnun þannig að það uppfylli þær reglur og geti tryggt öryggi björgunarfólks og almennings ef að kæmi upp mengunarslys.

Vakin er athygli á að þarna þarf einnig að gera kröfu á þann sem er með þessa starfsemi óháð því hvar hún er að hann þurfi að taka þátt í kaupum á sérhæfðum búnaði og þjálfun mannskaps til þess að geta haft þessa starfsemi innan starfssvæðis slökkviliðsins, ef það er ekki gert þá má búast við að önnur starfsemi sem þarf að taka þátt í rekstri slökkviliðsins vegna sinnar starfsemi fari fram á að þeir séu meðhöndlaðir á sama hátt og aðrir, slökkviliði ber að meðhöndla alla á sama hátt og í þessu tilfelli þarf að gera það líka, mitt álit er að þarna er bærinn á gráu svæði ef ekki verður farið í að gera sambærilegar kröfur á starfsemi sem kallar á sértækan búnað eða þjálfun starfsfólks.

Að setja slökkvistjóra í þær aðstæður að þurfa eftir að byggingarleyfi hafi verið gefið út, öryggis og eða lokaúttekt lokið, að þurfa beita 29. gr laga um brunavarnir til að þvinga fram úrbætur, kröfur og breyta magni vegna starfsemi eftirá. Það er ekki rétt stjórnslá, sér í lagi þegar hann sé búin að upplýsa alla aðila um hver hætta er. Slökkvistjóri getur sett á öryggisvakt samanber 30 gr laganna og einnig lokað starfseminni þar sem hún ógnar almannaheill með starfsemi slökkviliðs og stjórnstöðvar í húsnæðinu er svo sannarlega.

Núna er ég einungis búin að fara yfir lög um brunavarnir og það á eftir að draga fram lög um hollustuhætti, umhverfisstofnun og vinnueftirlitið sem ég mun ekki fara í.

Í byggingarreglugerð 112/2012 er einnig farið í að tala um hvað þarf að vera til staðar og hvað þarf að uppfylla til þess að vera með starfsemi sem inniheldur hættuleg efni.

6.11.4. gr. Birgðageymslur vegna hættulegra efna.

Leyfisveitandi (byggingarfulltrúi) skal ávalt leita umsagnar eldvarnaeftirlits og eins og talað er í greininni að byggðar geymslur fyrir hættuleg efni eru **háðar samþykki eldvarnaeftirlits síns sveitarfélags**, þannig að

ég get ekki séð að önnur rök geti slegið út vel rökstutt svar slökkvistjóra við því á hvaða forsendum hann gefur umsögn, og umsögn eldvarnaeftirlits í þessu máli er á þann veg að þarna er ekki hægt að vera með þessa starfsemi á reit H2 við Norðurgarð. Er það mitt mat að leyfishafa sé ekki stætt á því að fara gegn slökkvistjóra þar sem það er talað um að það sé háð samþykki eldvarnaeftirlits. Vandað svar í samræmi við þessa grein reglugerðar á að koma í veg fyrir að það sé heimilt að gefa byggingarleyfi.

Er hægt að rökstyðja það frekar með því að vitna í greinar

9.2.4 Krafa um brunahönnun og áhættumat og 6.11.4 Birgðageymslur vegna hættulegra efna sérstaklega síðari greinina þar sem tekið er fram eftirfarandi.

Birgðageymslur fyrir gas, sprengiefni, olíu, bensín o.þ.h. vörur eru **ávallt háðar samþykki** eldvarnaeftirlits viðkomandi sveitarfélags, Umhverfisstofnunar og Vinnueftirlits ríkisins sbr. reglugerð um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna og Siglingastofnunar, sbr. reglur um varnir gegn olíumengun sjávar við olíubirgðastöðvar og reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.

Lokaorð

Er það mitt mat að þarna er verið að koma með starfsemi inn á svæði H2 sem hentar ekki með tillit til þeirrar starfsemi sem er til staðar á svæðinu, almannaheilla, björgunarstarfsemi og þeirrar nálægðar við almenning.

Slökkvistjóri er búin að rökstyðja á faglegan hátt hvað mun verða á svæðinu og leggja það mat að það samræmist ekki öryggisjónarmiðum sem slökkvistjóri svo sannarlega tekur tillit til.

Þrátt fyrir að þetta mat er möguleiki á samstarfi við slökkvistjóra um að finna starfseminni annan stað. Það er ekkert sem ætti að koma í veg fyrir að fagleg vinna geti leitt af sér gögn og rök fyrir því að vera með starfseminni á öðru svæði en fyrirhugað er, en það verði þá gert þá í samráði við eldvarnaeftirlitið.

Slökkvistjóri þarf að taka tillit til lífs, heilsu, fólks, umhverfis og eigna sem og hann gerir í þessu svari til sveitarstjórnar Norðurbings.

Er það alveg skýrt að slökkvistjóri er að rekja skyldur sínar gagnvart sínu embætti með því að gefa rökstudda umsögn (sem hann þarf ekki þar sem umsögn fer ekki eftir stjórnsýslulögum,) er þarna vönduð umsögn til sveitastjórnar sem að mínu mati kemur í veg fyrir að hægt sé að gefa út byggingarleyfi.

Einar Bergmann Sveinsson

Fagstjóri slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins.